

Ungmennasambandið Úlfljótur

87. ársþing



Haldið í Stekkhól, félagsheimili
Hestamannafélagsins Hornfirðings

2. júní 2020

Stjórn USÚ 2019

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður

Kristján Örn Ebenezersson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Ásta Steinunn Eiríksdóttir, varamaður

Hjálmar Jens Sigurðsson, varamaður

Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Jóhann Kiesel (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Íris Heiður Jóhannsdóttir fyrir (Sveitarfélagið Hornafjörð).

Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Gunnar Örn Reynisson

framkv.stj: Lárus Páll Pálsson

- *Badmintondeild – ekki starfandi*
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Kraftlyftingadeild
- Körfuknattleiksdeild
- *Skíðadeild – ekki starfandi*
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Björn Ármann Jónsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Magnús Skúlason

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Gestur Halldórsson

Ungmennafélag Öraefa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Ungmennafélögin Hvöt, Valur og Vísir eru ekki starfandi

Dagskrá 87. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
7. Álit kjörbréfanefndar.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra.
9. Ávörp gesta.

Þinghlé

10. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
12. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
13. Útnefning íþróttamanns ársins 2019 og veiting hvatningarverðlauna.
14. Kosning.
 - a. Kosning stjórnar
 - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
15. Önnur mál.
16. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
17. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2019

Það má segja að árið hafi verið viðburðarríkara en mörg önnur hjá stjórn USÚ. 86. ársþing USÚ var haldið í Heklu þann 27. mars 2019 og voru m.a. veitt hvatningarverðlaun til ungra, duglegra og efnilegra íþróttamanna og voru það þau Birkir Snær Ingólfsson, Nína Dögg Jóhannsdóttir, Sigursteinn Már Hafsteinsson og Tómas Nói Hauksson sem hlutu hvatninguna að þessu sinni. Íþróttamaður ársins var Hallmar Hallsson körfuboltamaður. Þau hjónin Matthildur og Hjálmar skiptu um hlutverk í stjórninni og kom Hjálmar inn sem varamaður fyrir Matthildi en annars hélst stjórnin óbreytt.

Vorið og sumarið fóru aðalega í unglíngalandsmótsundirbúning. Íþróttþing ÍSÍ var þó haldið 3.-4. maí og sendi USÚ sína fulltrúa á það. Dagana 24. – 27. maí skelltu formaður, Jóhanna Íris, Sigurður Óskar gjaldkeri sem var að þessu sinni í hlutverki varamanns í stjórn UMFÍ og framkvæmdastjóri Sindra, Lárus Páll sér í ferð til Danmerkur, nánar tiltekið til Kaupmannahafnar með stórum hópi fólks á vegum UMFÍ. Markmið ferðarinnar var að hitta forsvarsmenn DGI – Danmarks Gymnastik – og Idrætsforeningar – sem eru systursamtök UMFÍ Danmörku. Ferðin heppnaðist afar vel í alla staði. Farið var á fyrirlestra m.a. um innleiðingu rafíþróttta í íþróttafélög, aðstæður kannaðar og þess á milli var tíminn notaður í hópefli. Var formaður til að mynda í sigurliði í myndaáskorunarkeppni sem stóð yfir alla helgina. Við tókum margt með okkur úr þessari ferð og ýmislegt sem við gætum tileinkað okkur í okkar íþróttahéraði. Að fara í svona ferð er ekki einungis fræðandi heldur opnar það á samtöl við aðra í hreyfingunni og þéttir hreyfingunni saman. Þegar allir þekkjast orðið örlítið betur verða þing og aðrir viðburðir enn skemmtilegri og auðveldara verður að taka upp tólið til þess að fá ráð eða spyrjast fyrir. UMFÍ á hrós skilið fyrir þessa ferð þar sem skipulag hennar og framkvæmd voru til fyrirmyndar.

Þegar heim var komið tók alvaran við og lagðist unglíngalandsmótsundirbúningur yfir af þunga. Gísli Már Vilhjálmsson var ráðinn verkefnastjóri mótsins og vann stjórnin í nánú samstarfi við hann yfir sumarið. Að mörgu þurfti að huga og með þrautseigju og viljann að vopni tókst okkur að halda glæsilegt unglíngalandsmót í byrjun ágúst. Gestir voru sammála um að aðstaðan væri til fyrirmyndar og vel hefði tekist að útfæra þá aðstöðu sem ekki var nógu stór. En svona mót eru ekki haldin nema með góðri samvinnu og innan USÚ var mikill metnaður hjá öllum félögum að halda gott mót, mót sem við gætum gengið frá stolt og sátt. Það tókst svo sannarlega og þið eigið mikið hrós skilið fyrir alla ykkar vinnu sem að þið lögðu til í sjálfböðavinnu. Það voru ófáir dagarnir sem margir unnu langt fram yfir miðnætti við yfirhalningu á keppnisstöðum og við skipulagningu. Þið sýnduð það svo sannarlega að þó við séum ekki stórt íþróttahérað höfum við alla burði til þess að takast á við verkefni af þessari stærðargráðu.

Takk öll, takk fyrir að vinna allt það óeigingjarnt starf sem þið unnuð til þess að láta þetta allt ganga upp, takk fyrir að sýna ungmennafélagsandann og brosa þó svo að verkefnið hafi verið erfitt á köflum, takk fyrir að gefa æsku landsins tækifæri á að skemmta sér í vímulausu umhverfi með fjölskyldum sínum um verslunarmannahelgina og takk fyrir að vera frábær.

Eftir landsmótið fékk stjórnin góða hvíld. Í október héldu formaður og gjaldkeri á 51. sambandsþing UMFÍ á Laugarbakka í Miðfirði. Það þing var sérlega merkilegt að tvennu leyti. Það fyrra var að kosið var um inngöngu íþróttabandalaga sem sótt hafa um inngöngu í UMFÍ. Var innganga þeirra samþykkt með miklum meirihluta og stækkaði því UMFÍ margfalt og getur kallað sig Ungmennafélag Íslands með rentu því áður var stór hluti félaga og þar af leiðandi iðkenda utan við UMFÍ og þó svo að allir séu velkomnir á viðburði innan UMFÍ mun boðskapur og fræðsla nú ná til mun stærri hóps og rödd UMFÍ styrkjast og þar af leiðandi getur hreyfingin tekið að sér enn stærri verkefni á breiðari grunni. Hið seinna var það að gjaldkeri USÚ og varamaður í stjórn UMFÍ Sigurður Óskar Jónsson var kjörinn inn í aðalstjórn UMFÍ og er það í fyrsta skipti sem að USÚ á fulltrúa í aðalstjórn. Hann er vel að þessu kominn og mun án efa láta gott af sér leiða.

USÚ úthlutaði einu sinni úr styrktar- og afrekssjóði og vil ég enn og aftur ítreka mikilvægi og þakka fyrir framlag sveitarfélagsins í sjóðinn því með aðkomu þess getum við veitt styrki sem virkilega skipta máli. Að venju langar okkur að minna alla á heimasíðu USÚ, www.usu.is en þar má finna lög sambandsins, metaskrá í frjálsum, fréttir og ýmis konar fróðleik tengdan sambandinu. Einnig eru þar upplýsingar um styrkar- og afrekssjóð USÚ. Við viljum líka minna á heimasíður UMFÍ www.umfi.is og ÍSÍ www.isi.is en þar eru ýmis gögn um t.d. Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, styrkveitingar og fræðslu.

Við viljum að lokum þakka ykkur enn og aftur fyrir allt ykkar góða og óeigingjarna framlag til ungmenna og íþróttamála í héraðinu, höldum áfram að vera góðar fyrirmyndir og vinnum saman.

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Á árinu 2019 var einu sinni úthlutað úr sjóðnum.

Þessi hlutu styrki:

Fimleikadeild Umf. Sindra hlaut 200.000 kr. styrk vegna æfingaferðar til Danmerkur.

Yngriflokkaráð Umf. Sindra hlaut 150.000 kr. styrk vegna kostnaðar við aukaæfingar í knattspyrnu.

Sunddeild Umf. Sindra hlaut 150.000 kr. styrk vegna keppnisferða iðkenda til Reykjavíkur.

Hópur 15-16 ára knattspyrnuíðkenda hjá Umf. Sindra hlaut 200.000 kr. styrk vegna æfingaferðar til Spánar.

Ársreikningur USÚ 2019

	2019	2018
Rekstrartekjur		
Lottó	6.476.010	5.829.190
Styrkir	759.100	165.873
Aðrar tekjur	6.040.820	36.252
Rekstrartekjur alls	13.275.930	6.031.315

1) 2)

3)

Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarféлага	4.856.584	4.512.640
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	303.536	282.040
Auglýsingar og heimasíða	48.838	48.142
Verðlaun	20.420	14.900
Ferða- og fundakostnaður	320.028	52.267
Styrkir	759.100	1.088.531
Annar mótakostnaður	1.988.000	17.500
Annað	656.843	121.563
Rekstrargjöld alls	8.953.349	6.137.583

4)

5)

1) 6)

7)

8)

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	4.322.581	-106.268
----------------------------------	-----------	----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	72.255	52.460
Fjármagnstekjuskattur	-15.896	-11.541
Fjármagnsliðir alls	56.359	40.919

Hagnaður/Tap	4.378.940	-65.349
--------------	-----------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2019

Eignir		
Bankainnistæður	10.982.558	6.603.618
Eignir alls	10.982.558	6.603.618

Eigið fé	4.026.750	4.427.948
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Ógreitt lottó til aðildarféлага v. áramót	2.499.895	2.175.670
Afgangur af ULM – óráðstafað við áramót	4.455.913	0
Ógreiddir reikningar	0	0
Skuldir alls	6.955.808	2.175.670

Skuldir og eigið fé 31.12.2019	10.982.558	6.603.618
---------------------------------------	-------------------	------------------

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2019

	2019	2018
Rekstrartekjur		
Lottó	303.536	282.040
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	420.000	400.000
Aðrir styrkir	0	0
Rekstrartekjur alls	723.536	682.040

9)

10)

Rekstrargjöld		
Styrkir	700.000	825.000
Rekstrargjöld alls	700.000	825.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	23.536	-142.960
----------------------------------	--------	----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	145.666	152.429
Fjármagnstekjuskattur	-32.047	-33.534
Fjármagnsliðir alls	113.619	118.895

Hagnaður/Tap	137.155	-24.065
--------------	---------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2019

Eignir		
Afrekssjóður	5.765.171	5.628.016
Eignir alls	5.765.171	5.628.016

Eigið fé	5.765.171	5.628.016
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Skuldir alls	0	0

Skuldir og eigið fé 31.12.2019	5.765.171	5.628.016
---------------------------------------	------------------	------------------

Skýringar

- 1) Getraunastarf Umf. Sindra.
- 2) Styrkur frá Landlæknisembættinu vegna ULM.
- 3) Hlutur USÚ í rekstri Unglingalandsmótsins. Annars vegar afgangur af skráningargjöldum og hins vegar kostnaður vegna verkefnastjóra. Einnig hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þátttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo frjálsíþróttadeild Sindra.
- 4) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár.
- 5) Ferða og fundakostnaður er umtalsvert meiri á oddatöluárum, því þá halda bæði UMFÍ og ÍSí sín ársþing.
- 6) Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra fékk styrk upp á 500.000 kr. árið 2019.
- 7) Þetta er að mestum hluta kostnaður vegna verkefnastjóra ULM og þátttökugjöld keppenda USÚ á ULM.
- 8) Kaup á merktum vörum fyrir ULM og kaup á Pannavelli. Upphæðin frá 2018 eru aðallega bolir sem þeir sem fóru á Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn fengu.
- 9) Samþykkt var á þingi árið 2015 að veita 5% af lottótekjum í styrktar- og afrekssjóð.
- 10) Sveitarfélagið Hornafjörður kom inn í rekstur sjóðsins 2017.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Lög Ungmennasambandsins Úlflióts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfliótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- Að staðfesta lög aðildarfélaga.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttá og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSÍ og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt þingboð (síðara þingboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögum með síðara þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda féлага. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda féлага. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
17. Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
18. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
19. Kosning fulltrúa á Íþróttþing (ÍSí þing).
20. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
21. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

10. gr. Aukaþing:

Aukaþing má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarféлага óskar þess. Tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþing eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

11. gr. Stjórn:

Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundi skal halda minnst 4 sinnum á ári.

12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14. gr.

Sambandið og aðildarfélög þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

Lögum þessum var síðast breytt á 86. ársþingi USÚ, 27. mars 2019.

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirska afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Þessum reglum var síðast breytt á 82. ársþingi USÚ, í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015.

Starfskýrslur aðildarféлага

Starfsskýrsla aðalstjórnar Umf. Sindra

Ágæta stjórnarfolk, gestir og iðkendur félagsins hjartanlega velkominn á aðalfund ungmennafélagsins Sindra.

Nú er að hefjast 86. starfsár félagsins en hið 85. var viðburðaríkt að venju. Við í aðalstjórn hittumst 11 sinum á liðnu ári enda í mörg horn að líta. Aðalfundir voru í febrúar og þá eins og nú héldu allar deildir félagsins aðalfundinn saman hér í Heklu.

Við vígðum Heklu 1. mars með kaffiboði, ræðum og heiðrun félagsmanna. Að undangenginni nafnakeppni fékk húsið nafnið Hekla í höfuðið á Hótel Heklu sem hér stóð fyrir miðja síðustu öld. Það voru margir sem heiðruðu okkur með nærveru sinni við vígslu hússins og held ég að það sé almenn ánægja með húsið. Í því hefur verið talsverð starfsemi fyrir utan þá gistingu sem við erum með í því fyrir leikmenn og þjálfara deilda.

Sumarið gekk sinn vanagang en hápunktur þess var að sjálfsgöðu unglingsmót UMFI um verslunarmannahelgina. Undirbúningur þess tók mikinn tíma á árinu eins og gefur að skilja, svo stórt verkefni verður ekki að veruleika nema með samstilltu átaki samfélagsins alls og eins og máltækíð segir „margar hendur vinna létt verk“ og eigið þið öll þakkir skilið. Mótið sjálf gekk í alla staði vel og var almenn ánægja með það bæði hjá heimamönnum og gestum.

Haustið fór í að klára samning við sveitarfélagið og held ég að allir hafi gengið þokkalega sáttir frá því borði, einnig fóru deildir yfir búningamál hjá sér, þar voru aðeins skiptar skoðanir en vonast ég til þess að allir séu sáttir með sitt.

Rafípróttadeild hóf starfsemi í september og hefur verið fín mæting á æfingar hjá þeim, það hafa verið 8-12 krakkar tvisvar í viku og hefur Guðjón Magnússon frá Hólmi séð um æfingarnar. Deildin fékk formlega inngöngu í Sindra í byrjun febrúar og bjóðum við nýja deild hjartanlega velkomna í félagið.

Ungmennafélagið Sindri varð 85 ára á árinu 2019 eins og fram var komið og buðum við Hornfirðingum í kaffi á afmælisdaginn 1. desember. Það vildi svo vel til að Tónskólinn hélt upp á 50 ára afmælið sama dag í Sindrabæ svo það varð talsverður gestagangur og komu meira að segja kökur úr því afmæli hingað yfir. Það vildi svo vel til að ég hitti bæði Albert og Jón Gunnar í afmælinu og við ákváðum að setja meiri þunga í að skrifa sögu Sindra. Fyrir um haustið hafði ég talað við Arnþór Gunnarsson um að skrifa sögu félagsins. Nú í janúar talaði ég svo aftur við Arnþór og fékk hann á fund ásamt Albert, Jóni Gunnari, Guðrúnu Ingólfs og Huldu Laxdal. Í stuttu máli tók Arnþór að sér að skrifa sögu félagsins og þetta fólk sem upp var talið ætlar að vera í ritnefnd ásamt mér og Gunnari Inga. Arnþór er í öðru verkefni eins og er og getur ekki set púður í skrifin fyrir en í lok árs. Hann tjáði okkur að væri nánast klár með söguna til 1974. Hann tók svo viðtal við þá féлага Albert og Jón Gunnar nú í janúar til að mynda sér skoðun á því hvernig væri best að tækla framhaldið. Við hin eru líka að velta fyrir okkur efni og forvitnast um efni og myndir. Við höfum hugsað okkur að gefa sögu Sindra út í rafrænu formi en einhver félög og stofnanir hafa gert það. Þessi leið bíður upp á að við getum gert þetta eftir efnum og auðvelt er að hafa hlekki, ítarefni og bæta við efni ef finnst. Einnig er hægt að prenta út hátíðar eintök með einföldum hætti. Efnið yrði geymt í skýi til varðveislu.

Engan aðalfund er hægt að halda nema að nefna aðeins bílana okkar. Það verður aldrei of oft áréttað hvað bílaútgæðin okkar er mikil búbot fyrir fjölskyldur á Hornafirði. Rekstur þeirra kostar stundum skildinginn en það er mín skoðun að þeim pening sé vel varið. Á árinu seldum við bíl og keyptum annan, stóri hvíti skemmdist og eru tryggingarnar að gera við hann. Við reiknum með að selja hann þegar hann verður aftur gangfær og eiga tvo 9 manna bíla og einn 14 manna.

Ég hef tekið þá ákvörðun að gefa ekki kost á mér í stjórn félagsins lengur, en eins og fyrr segir ætla ég að vera í ritnefnd félagsins. Það hefur verið gaman að vasast í stjórn Sindra en nú held ég að það sé gott fyrir félagið að fá nýtt fólk í stjórn, yngra fólk með ferskar hugmyndir. Ég hef verið viðloðinn aðalstjórn Sindra í talsverðan tíma og er trúlega að verða svolítið staður. Um leið og ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, framkvæmdastjóra og stjórnarfólki öllu fyrir samstarfið segi ég takk fyrir mig.

Ásgrímur Ingólfsson, formaður UMF Sindra

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra

Í stjórn knattspyrnudeildar Sindra fyrir árið 2019 sátu Hjalti Þór Vignisson formaður, Jóna Benný Kristjánsdóttir gjaldkeri, Jón Guðni Sigurðsson ritari, Ernesto Barboza formaður mfl. ráðs og Sigurður Ægir Birgisson formaður yngri flokka ráðs. Arna Ósk Harðardóttir tók við af Jóni Guðna á haustmánuðum. Stjórn knattspyrnudeildar Sindra fundar reglulega eftir verkefnum hverju sinni.

Markmið og stefna stjórnar er að efla knattspyrnuíðkun og stuðla að auknum forvörnum í samfélaginu, viðhafa ábyrga fjármálastjórn, hlúa vel að og efla yngri flokkana og styðja við framtíðaruppbyggingu eldri flokka knattspyrnudeildar Sindra.

Í haust urðu talsverðar breytingar á þjálfaramálum utan að Ingvi Ingólfsson hélt áfram sem þjálfari m.fl. karla. Veselin Chiringirov var ráðin þjálfari mfl. kvk., 3. fl kk og kvk og 4. fl. kk og kvk. Kristófer Daði Kristjánsson tók að sér þjálfun 5. fl. kk og kvk. fram að áramótum þegar Veselin tók við með Einar Karl Árnason sér við hlið. Sigurbjörg Jóna Björnsdóttir hefur sinnt þjálfun 6. og 7. flokks kk og kvk og gaman að segja frá því að iðkendafjöldi þar hefur stórauðist. Öllum þessum þjálfurum þökkum við fyrir og gott samstarf sem og þeim sem létu af störfum á árinu. Aðstoðarfólki sem komu að þjálfun og vinnu fyrir félagið þökkum við velunnin störf.

Rekstur deildarinnar er umtalsverður, mikil og löng ferðalög gera reksturinn þungan en tekist hefur undanfarin ár að halda ágætum stöðugleika í fjármálum.

Að lokum vill knattspyrnudeild Sindra koma fram þakklæti til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem lagt hafa deildinni lið á árinu 2019.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Sindra, Hjalti Þór Vignisson

Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í knattspyrnu

Starfsemi yngriflokka var með hefðbundnu sniði á árinu 2019. Stjórn yngriflokkaráðs var óbreytt, en hana skipa Sigurður Ægir Birgisson form, Eva Birgisdóttir gjaldkeri, Laufey Sveinsdóttir ritari og Guðrún Ása Jóhannsdóttir meðstjórnandi.

Strax í upphafi árs var ljóst að rekstur yngriflokka yrði mjög þungur og að ekki yrði ráðið við háan launakostnað og hagræðingar yrði þörf. Samningur við Benóný Þórhallsson yfirþjálfara yngriflokka rann út í október. Ekki náðist samkomulag um breyttan samning og þökkum við honum kærlega fyrir samstarfið. Það kvarnaðist meira úr þjálfarahópnum Alexandre Fernandez Massot og Ingvi Ingólfsson létu af störfum eftir sumarið og þökkum við þeim fyrir þeirra störf. Ráðinn var nýr þjálfari Veselin Chilingirov (Vesko) sem áður þjálfaði hjá Leikni Reykjavík og var gerður við hann 3ja ára samningur. Hóf hann störf í lok nóvember og sér um þjálfun 3., 4. og 5. flokka ásamt því að vinna störf fyrir stjórn Yngriflokka.

Þjálfarahópurinn núna um síðustu áramót eru, Vesko og Sigurborg Jóna Björnsdóttir sem sér um 7. fl. og 6. fl. þeim til aðstoðar eru svo leikmenn úr meistaraflokki og eldri iðkendur í yngriflokkum. Einar Karl, Mate, Freyja Sól, Sesselía og Samira. Ólafur Jónsson hefur svo séð um markmannsþjálfun. Við leggjum áherslu á að virkja yngri leikmenn sem áhuga hafa á þjálfun og nýta sem aðstoðarþjálfara undir handleiðslu menntaðra þjálfara og aðstoðum þá að sækja sér menntun.

Iðkendafjöldi var svipaður í vor en hefur ánægjulega fjölgað nú í haust og gaman að sjá krakka koma aftur inn sérstaklega í eldri flokkum þar sem hætta á brottfalli er hvað mest. Samt er það svo í sumum árgöngum að fjöldi er of lítil til að halda úti sér æfingum aðgreindum milli kynja, en ávallt er reynt að finna lausn sem kemur krökkunum fyrir bestu. Svo hefur samstarf við önnur félög hjálpað okkur að finna verkefni fyrir okkar börn. Þar ber helst samstarf okkar við Neista á Djúpavogi sem hefur gert okkur kleift að halda úti keppnisliðum í mörgum flokkum og þökkum við þeim kærlega fyrir og vonandi heldur sú samvinna áfram um ókomandi ár. Síðastliðið sumar vorum við í samstarfi við Umf Selfoss í 3ju flokkum og þökkum við þeim fyrir. Komandi sumar verðum við sjálfbær með lið í öllum flokkum nema 3. flokki kvenna og keppum undir merkjum Sindra eða Sindra/Neista, 3. flokkur kvenna mun vera í samstarfi með ÍBV. Farið var á hin ýmsu mót og keppt í Íslandsmóti og stóðu okkar krakkar sig með ágætum og eru okkar félagi til sóma.

Tekist hefur að ná tökum á rekstri með hagræðingu í launakostnaði og með auknum fjáröflunum sem leiddi til þess að rekstrarniðurstaðan viðunandi. Æfingagjöld eru óbreytt milli ára.

Að lokum viljum við ítreka það að umgjörð um iðkendur ræðst ekki bara af aðstæðum til æfinga og hæfni þjálfara. Hvatning okkar foreldra og þátttaka er ekki síður mikilvæg. Íþróttafélagið okkar verður ekki stærra en það sem við sjálf leggjum af mörkum til að láta hlutina ganga vel fyrir sig. Við hvetjum því alla foreldra að taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem fólk getur og treystir sér til. Við í ráðinu þökkum fyrir árið og þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn.

Stjórn Yngri flokkaáðs

Ársskýrsla kraftlyftingadeildar Sindra

Stjórn frá fyrra ári hefur haldið sér óbreyttri. Formaður Kristján Vilhelm Gunnarsson, ritari er Wiktoria Anna Darnowska og gjaldkeri er Óttar Már Einarsson.

Undanfarið ár hefur starfsemi kraftlyftingardeildarinnar verið lítil. Æfingar hjá deildinni hafa ekki verið jafn tíðar og áður en hafa iðkendur þó komið saman í Sporthöllinni og æft þegar tækifæri gafst. Fjöldi meðlima deildarinnar er enn þá sá sami þó þátttaka sé ekki jafn mikil. Meðlimir deildarinnar voru duglegir að sinna dýragæslu á viðburðum Hafsins.

Ekki eru innheimt æfingagjöld en iðkendur greiða aðstöðugjöld og árskort beint til Sporthallarinnar.

Beðið er eftir að aðstaðan verði byggð við Sundlaugina á vegum sveitarfélagsins og er vonast til þess að þá verði hagkæmt að vera með þjálfara á launum og reglubundnar æfingar.

F.H. stjórnar Kraftlyfingadeildar
Kristján Vilhelm Gunnarsson

Ársskýrsla blakdeildar Sindra

Á síðasta aðalfundi blakdeildar var stjórnin endurkjörin einróma. Stjórnin er þannig skipuð að Páll Róbert Matthíasson er formaður, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir er ritari og sér um yngri flokka starfið og Valgeir Steinarsson er gjaldkeri og aðgerðastjóri. Þjálfari er Aida Gonzales Vicente.

Á árinu var starfsemi blakdeildar með hefðbundnu sniði. Æft var tvisvar sinnum í viku og voru æfingar í 6 flokkum, 3. 4. 5. og 6. flokki barna ásamt meistaraflokkum kvenna og karla. Virkir iðkendur voru tæplega 60 á árinu og er það aukning frá síðasta ári.

Vorönn 2019.

Sindri tók þátt í Íslandsmóti í janúar þar sem kvennaliðið fór í Kópavoginn og karlarnir spiluðu á Álftanesi. Þessu var svo öfugt farið í mars þegar næsta mót var. Bæði liðin stóðu sig vel að venju. Bæði karla og kvennalið öldungablakara tóku þátt í Öldungamótinu sem haldið var í Keflavík og áttu marga stórleiki, innan vallar og utan. 3 fl. og 4 fl. fóru á Íslandsmót yngri flokka í Mosó í byrjun maí og stóðu sig frábærlega og allir skemmtu sér vel.

Í sumar var haldið unglingslandsmót UMFÍ og við sáum um strandblakskeppnina. Þar kepptu 98 lið og voru spilaðir 196 leikir á 2 dögum. Þetta gekk allt upp og fengum við frábæra aðstoð, bæði frá fólki úr blakdeildinni en líka frá fólki sem hafði enga reynslu að blaki en stóð sig með glæsibrag. Vil ég þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg.

Haustönn 2019.

Meistaraflokkar karla og kvenna tóku þátt Íslandsmótinu í október og spiluðu konurnar í Laugardalshöll og karlarnir í Fagralundi. Bæði liðin stóðu sig frábærlega. 4 fl. og 5 fl. fóru svo á Íslandsmót sem haldið var á Seyðisfirði í október. Lentu þau í ævintýrum á leiðinni vegna veðurs en komust á leiðarenda fyrir fyrsta leik.

Starf deildarinnar hefur gengið ágætlega. Helstu ógnanir í starfinu er lítil endurnýjun í eldri hópum, sem hefur gert það að verkum í vetur að við sameinum stundum æfingar karla og kvenna. Frekar erfitt er að fá foreldra til að koma með í ferðir hjá yngri flokkunum og oftast eru sömu einstaklingarnir sem láta til leiðast þegar allt um þrýtur. Það er nauðsynlegt að foreldrar taki þátt í tómsundum sinna barna og ekki hægt að ætlast til að þeir sem eru í stjórn á hverjum tíma þurfi bæði að skipuleggja tómsundir og fara með í ferðir sem fararstjórar eða bílstjórar.

Ég vil að lokum þakka félögum mínum í stjórn blakdeildar fyrir samstarfið, þeim Valla, Jóhönnu og Gunnhildi sem er sérlegur aðstoðarmaður og einnig vil ég þakka henni Aidu fyrir hennar starf.

Páll Róbert Matthíasson formaður

Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra

Stjórn 2019

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2019 skipuðu Hjálmar Jens Sigurðsson formaður, Guðrún Ósk Gunnarsdóttir sem kom inn í gjaldkerann fyrir Margréti Kristinsdóttur, Björgvin Erlendsson og Skúli Ingibergur Þórarinnsson meðstjórnendur og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson ritari.

Meistaraflokkur karla

Vorið 2019 kláraði meistaraflokkur sitt fyrsta tímabil í 1.deild. Tímabilið einkenndist af hæðum og lægðum. Leikmannahópurinn breyttist mikið og á tímabilinu var skipta um þjálfar eftir áramót þar sem Mike Smith var látinn fara og Skúli Ingibergur tók við. Þótt árangur liðsins hafi ekki verið eins og menn vonuðu var margt jákvætt hægt að taka út úr tímabilinu. Tímabilið 2019-2020 hófst á því Halldór Steingrímsson var ráðinn sem þjálfari. Ljóst var eftir reynslu síðasta tímabils að til þess að vera með samkeppnishæft lið þurfti allt að smella, vel þjálfað lið með blöndu af sterkum atvinnu og heimamönnum. Í stuttu máli hefur árangur liðsins verið á svipuðum nótum og síðasta tímabil þrátt fyrir ýmsar sviptingar utan sem innan vallar. Aftur á móti hefur margt verið jákvætt í leik liðsins og oft hefur það staðið vel í liðum í efri hluta deildarinnar.

Yngri flokkar

Eitt af markmiðum hjá deildinni er að halda úti fjölbreyttu yngriflokkastarfi fyrir bæði kynin. Leikskólalboltinn hefur verið á sínum stað í samvinnu við fótboltann. Reglulegar körfuboltabúðir hafa verið haldnar. Í janúar kom til okkar Finnur Freyr sem gert hefur KR að margföldum Íslandsmeisturum, og í haust komu svo besta körfuboltakona landsins Helena Sverrisdóttir ásamt manni sínum Finni Atla. Báðar búðirnar heppnuðust eins og best verður á kosið og mikil ánægja hjá krökkunum sem mættu, og var námskeiðið iðkendum að kostnaðarlausu. Hefð hefur skapast fyrir því að yngri flokkarnir hafi farið á mót hjá Hetti að vori. Deildin hefur svo haldið Austurlandsmót fyrir sömu flokka í september og komu lið bæði frá Fjarðabyggð og Hetti til okkar. 1-5. bekkur hefur svo að auki farið á tvö mót, eitt að hausti og annað á vorin. Í haust voru skráð 3 lið í Íslandsmót minnibolta 11 ára. Eitt af þessum liðum var einungis skipað stelpum og er það í fyrsta skipti sem deildin sendir stelpna lið í þessum aldursflokki. Í 7.-10. bekk sendum við eitt lið til keppni á Íslandsmóti og í bikarkeppni.

Meistaraflokkur kvenna og annað starf

Meistaraflokkur kvenna hefur haldið áfram góðu starfi og keppt í 2. deild kvenna. Hópurinn er góð blanda af eldri og yngri leikmönnum, í haust var liði undir stjórn Eric Benedick. Markmiðið er að ná góðum æfingahóp til að byggja á og taka liðið á næsta stig.

Bumban (hópur ástríðufullra körfuboltamanna) hefur fest sig í sessi sem einn af máttastólpum deildarinnar. Æfingar eru vel sóttar og alvanalegt að um 15 manns séu á æfingum en hópurinn er mun stærri sem lætur sjá sig reglulega.

Fjármál og stuðningur

Rekstur deildarinnar hefur áfram haldið að vaxa og á sama tíma verið góð áskorun. Aðal kostnaðarliðurinn sem fyrr hefur verið meistaraflokkur karla. Stjórnin vill þakka allan þann góða stuðning og velvilja sem okkur hefur verið sýndur bæði í formi fjárhagsstuðnings, vinnuframlags, annars konar stuðnings og þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum sem hafa komið að starfinu.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra, Hjálmar Jens Sigurðsson

Skýrsla stjórnar frjálisíþróttadeildar Sindra

Þjálfaramál hjá deildinni halda áfram að vera okkur áhyggjuefni og það virðist vera erfitt að ná einhverjum stöðugleika í þeim eignum. Síðastliðinn vetur sá Áróra Dröfn Ívarsdóttir um þjálfun og í sumar fengum við stelpu sem heitir Marlyn Campa til þess að þjálfar en hún var einnig leikmaður hjá M.flk.kvenna. Í sumar vorum við heppin að fá Bjarna Malmquist til þess að vera með nokkrar æfingar fyrir Unglingalandsmótið. Á haustönn 2019 var enginn þjálfari en við fengum Kolbrúnu Björnsdóttur til þess að vera með námskeið í Sporthöllinni fyrir unglunga í þrek og styrk og það námskeið var mjög vel sótt. Í maí héldum við 2ja daga héraðsdómaranámskeið í Frjálsum íþróttum þar sem reglur Frjálisíþróttasambands Íslands fara fram á að það séu fullgildir dómarar í hverri grein í frjálsum á mótum eins og Unglingalandsmótinu og kláruðu 12 manns námskeiðið sem lauk með prófi.

Unglingalandsmótið átti hug okkar allan í sumar og fór mikil vinna í bæði undirbúning mótisins og mótið sjálft. Við fengum bæjarvinnuna í lið með okkur að kynna allar þær fjöldamörgu greinar sem hægt var að keppa í á Unglingalandsmótinu. Haldnar voru tvær kynningar í Heklu fyrir krakkana í vinnuskólanum og einnig yngri krakka, Anna Birna sá um þær og gerði það með glæsibrag, hún fór vel yfir það hvaða greinar væru í boði, hvaða afþreying væri á mótinu og hvernig hennar upplifun sem keppanda á þessum mótum hafi verið. Í framhaldi af kynningunum buðum við upp á kynningu á frjálsum íþróttum og fríar æfingar sem voru vel sóttar. Keppendur í frjálsum íþróttum voru tæplega 400 og skráningar 1200. Við vorum með 80 sjálfboðaliða á frjálisíþróttavellinum sjálfum í þrjá daga. Okkar keppendur stóðu sig virkilega vel og við erum stolt af okkar fólki en meðal þeirra voru bæði keppendur sem hafa keppt áður á mótum og aðrir sem voru að keppa í fyrsta skipti. Áhöld voru úr sér gengin og aðstaða á vellinum farin að láta á sjá svo mikil vinna var fyrir höndum sem var kláruð rétt fyrir mótið. Það var margt sem hefði verið hægt að ljúka mun fyrir, en þetta hófst allt að lokum en skipulagið hefði mátt vera mun betra ef haft er í huga að það var vitað nokkrum árum áður að mótið yrði í Ágúst 2019. Það fór mikill tími í það að finna út og fá leyfi til að endurnýja áhöld, margt á íþróttavellinum sjálfum er í ólagi og það tók allt of langann tíma að koma honum í gott stand. Við þurftum að útvega 80 sjálfboðaliða á frjálisíþróttavöllinn, setja upp alla tímaseðla og alla dagskrá. Afrakstur þessarar vinnu minnti þó helst á söguna um litlu Gulu hænuna þegar átti að deila ágóðanum, þar sem mörg verk voru á höndum tveggja aðila í frjálisíþróttadeildinni og þegar kom að leiðarlokum þá virtust ansi margir vilja sneið af kökunni góðu sem við hefðum fagnar vilja fá meiri aðstoð við að vinna. Það má huga að þessu fyrir næsta Unglingalandsmót í tíma.

Æfingar byrjuðu aftur af fullum krafti núna í janúar og sér Harpa Sigríður Óskarsdóttir um þær, það eru frjálisíþróttæfingar í íþróttahúsinu og þrekæfingar í Bárinni. Þessar endalauslu gulu veðurviðvaranir sjá líka til þess að starfið hnökri, Gamlárshlaupinu sem átti að verða árlegur viðburður var frestað vegna veðurs og erum við nú að leggja höfuðið í bleyti og munum eflaust breyta því í Páskahlaup eða sumardagurinn fyrsta hlaup. Það mun koma í ljós.

Þökkum fyrir okkur og þeim aðilum sem styrktu okkur árið 2019. Breytingar eru á stjórn frjálisíþróttadeildar, Anna Björg Kristjánsdóttir vikur úr stjórn sem formaður í hennar stað verður Berglind Steinþórsdóttir formaður, áfram sitja Jónína Kristín Ágústsdóttir ritari og Ingólfur Baldvinsson Gjaldkeri.

Stjórn frjálisíþróttadeildar Sindra

Ársskýrsla fimleikadeildar Sindra

Starfsemi Fimleikadeildar Sindra átti gott starfsár 2019 og stunduðu um 155 iðkendur æfingar hjá deildinni. Fimleikadeildin hélt sína árlegu fimleikasýningu í janúar og þemað þetta árið var Ofurhetjusýning. Sýningin heppnaðist afar vel og að venju var góð mæting sem er mikil hvatning fyrir iðkendur og þjálfara.

Fyrsta mót ársins var bikarmót unglinga í hópfimleikum. Mótinu var skipt niður á tvær helgar, annarsvegar fyrir yngri iðkendur og hinsvegar fyrir þá eldri. Bæði mótin voru haldin á Selfossi. Stúlkur úr 3. bekk kepptu á sínu fyrsta móti með 5. flokki og stóðu sig með þrýði. 4. flokkur mix keppti einnig á mótinu og stóð uppi sem bikarmeistarar. Aðrir flokkar frá okkur stóðu sig einnig vel en 1. flokkur b endaði í 3. sæti. Síðasta mót vetrarins, Íslandsmót hjá yngri flokkum var haldið í Digranesi. Allir áttu gott mót og stóðu sig vel en 4. flokkur mix lenti í 1. sæti og bættu sig á öllum áhöldum milli móta. Mótið hjá eldri flokkum var haldið í Mosfellsbæ þar sem allir stóðu sig vel og komu heim reynslunni ríkari en helst ber að nefna að 1.flokkur b endaði í 2. sæti en voru í 1. sæti bæði á dýnu og trampí. Ekkert lið frá Sindra hefur fengið eins mörg samanlögð stig á fimleikamóti og 1. flokkurinn okkar eða 39,395 stig. Við enduðum veturinn svo á lokahófi þar sem iðkendur sýndu listir sínar. Lokahófið var fyrir iðkendur á aldrinum 6 - 16 ára og voru viðurkenningar veittar í lokin. Við krýndum fimleikamann Sindra en Friðrik Björn Friðriksson hlaut þann titil.

Deildin hélt uppteknum hætti og stóð fyrir sýningu á 17. júní á Hóteltúninu og tókst vel til. Boðið var svo upp á fimleika á unglingalandsmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina sem haldið var hér heima. Við buðum upp á Fimleikalíf fyrir alla og stökkfimi fyrir þá sem hafa æft fimleika. Það voru þrjú lið sem kepptu í Fimleikalífi og sjö lið sem kepptu í stökkfimi. Haustönnin hófst svo í byrjun september og að venju voru foreldrar boðaðir til fundar. Vel var mætt og var m.a. farið yfir starf annarinnar, mótadagskrá, þjálfarateymi var kynnt og farið var yfir fleiri praktísk atriði sem viðkemur starfinu. Deildin réð til sín tékkneskan þjálfara sem heitir Michal Říšský og hefur hann reynst okkur vel ásamt öðrum þjálfurum deildarinnar. Hjá deildinni starfa 7 þjálfarar, ásamt 8 yngri aðstoðarþjálfurum. Fimleikadeildin leggur ríka áherslu á menntun þjálfara og hefur það að markmiði að byggja upp öflugt þjálfarteymi sem styrkist mikið með hverju námskeiðinu. Hafa þjálfarar félagsins m.a. sótt námskeið á vegum FSÍ og ÍSÍ. Farið var í æfingarferð til Keflavíkur í október. Ferðin heppnaðist afar vel og er nauðsynlegur liður hjá deildinni þar sem iðkendur hafa tök á að gera æfingar í gryfju og á áhöldum sem ekki eru til staðar hjá Fimleikadeild Sindra. Fyrsta mót vetrarins var síðan haldið í Garðabæ fyrir yngri iðkendur og stóðu iðkendur sig með þrýði og endaði 4. flokkur mix í 1.sæti. Síðara mótið var haldið á Selfossi og fór eitt lið frá okkur, 2.flokkur mix sem endaði í 1.sæti. Tekin var ákvörðun seint á síðustu önn að fara aftur í æfingarbúðir til Ollerup núna í sumar og eru 17 iðkendur og 3 þjálfarar skráðir.

Áhaldastaða deildarinnar hefur lagast mikið og á síðasta ári keypti deildin ný áhöld fyrir leikskólahóp. Þess má einnig geta að deildin stefnir að því að kaupa færanlega gryfju sem vonandi verður að veruleika í ár og mun bæta aðstöðuna mikið. Við ætlum að sjálfsgöðu að halda áfram að byggja upp okkar frábæru fimleikadeild og vonandi taka sem flestir þátt í því með okkur, því þannig getum við gert gott starf enn betra. Að lokum vill stjórn Fimleikadeildarinnar þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu í vetur með einum eða öðrum hætti.

Stjórn Fimleikadeildar Sindra, Ingibjörg Guðmundsdóttir – Formaður, Signý Ingvadóttir – Gjaldkeri og Guðbjörg Guðlaugsdóttir - Ritari

Ársskýrsla Sunddeildar Sindra

Á árinu 2019 hófum við störf eftir gott jólafrí áfram undir stjórn Filip og Filip.

Í febrúar kostuðum við æfingabúðir hér sem þeir Ingi Þór og Jacky skipulögðu og stjórnðu. Við buðum krökkum af Austurlandi til okkar, helgin tókst í alla staði mjög vel. Í samvinnu við Inga Þór var einnig boðið var uppá skriðsundsnámskeið fyrir 18 og eldri. Sunddeildin bauð síðan öllum deildum Sindra uppá fyrirlestur um djúpvatnshlaup til þolþjálfunar fyrir allar íþróttagreinir og var fyrirlesturinn haldinn í Heklu.

Í mars fór afrekshópurinn á Fjölnismótið í Reykjavík og stóðu þau sig vel mjög vel. Innanfélagsmótið okkar var að venju um páska og fengu allir páskaegg að móti loknu.

Hennýjarmótið var haldið á Eskifirði í maí og fórum við með breiðan aldur þangað, það var mikil keppni og stóðu börnin sig öll mjög vel. Við komum heim með 2 stigabikara bæði í stelpna og drengja flokki, ásamt að vinna allar boðsundsgreinar og fjörsundið hjá eldri krökkunum. Afrekshópurinn okkar tók til sín flest gull- og silfurverðlaun mótsins og yngri krakkarnir fengu þátttökuverðlaun.

Afrikshópurinn fór svo á AMÍ í Reykjanesbæ og stóðu sig glæsilega. Þar gerðu þau sér lítið fyrir og syntu undir AMÍ lágmarki fyrir 14-16 ára þá enn þá að keppa í 13 ára flokki.

Í sumar vorum við með forskólasund fyrir 4ra og 5 ára börn sem var vel sótt. Ekkert sumarfrí var þetta sumarið hjá okkar börnum því bæði höfðum við þjálfara og einnig voru allir að æfa sig fyrir Unglingalandsmótið.

Landsmótshelgin kom og sunddeildin var öflug í sjálfboðaliðastarfi bæði fyrir og á meðan sundkeppnin fór fram og einnig á sjoppuvöktum yfir helgina. Sundið var vel sótt og hörð keppni sem fram fór þar enda komu allir til að vinna. Forsetinn kom til okkar og veitti öll verðlaun í sundinu.

Um haustið lagði svo afrekshópurinn af stað til Prag í æfingarbúðir. Þeir félagar Filip og Filip tóku á móti hópnum og voru þau þar í vikutíma. Þetta voru stífar æfingar daglega ásamt menningarferðum um borgina undir leiðsögn þeirra féлага. Gaman var fyrir þau að sjá og skoða sig um í heimalandinu þeirra.

Nýr þjálfari Agnar Jökull var ráðinn til okkar í haust. Æfingar voru settar af stað eftir að Agnar Jökull lauk sundvarðarréttindum og sérgreinahluta hjá SSÍ. Hann vinnur núna að þjálfarastigi 1 hjá ÍSÍ. Austurlandmót UÍA var haldið hjá Þrótti Neskaupstað þetta árið á sunnudegi í október að undaförnum æfingabúðum sem Ingi Þór stjórnaði. Haldið var um haustið í Hafnafjörðinn í Ásvallarlaugina með Afrikshópinum að keppa á Extramótinu í 50m laug og til Reykjavíkur á Fjölnismótið í Laugardaglaug einnig 50m mót. Á þessum mótum náðu þau að innsigla nokkur lágmark fyrir AMÍ núna í sumar.

Lokuðum við síðan árinu með fatasundi síðan var haldið í Hekluhúsið okkar til að borða pizzu og horfa á mynd. Agnar Jökull veitti þeim viðkenningarskjal fyrir góðan vetur í lokinn. Jólakortakassinn var setur upp og kortunum komið til skila í samstarfi við Frjálsíþróttadeildina. Dósasöfnun er einnig föst fjáröflun hjá deildinni. Í dag eru um 20 að æfa og hefur fjölgað frá fyrra ári en fæst voru þau 12.

Erla Berglind Antonsdóttir formaður.

Jónína Björk Guðjónsdóttir ritari

Gunnhildur Imsland gjaldkeri.

Starfsskýrsla UMF. Mána

Aðalfundur Mána var haldinn 19. mars. Sama stjórn hélt áfram störfum.

27. mars var haldið USÚ þing í sal Sindra í Heklu. Helst ber að nefna að þeir Sigurður Óskar Jónsson og Halldór Einarsson hlutu starfsmerki UMFÍ. Báðir hafa þeir verið ötulir félagsmenn um árabíl ásamt því að hafa setið í stjórn Mána í áráraðir og Sigurður gegnt mikilvægum stjórnarstörfum, einnig fyrir USÚ og UMFÍ.

Hátíðarhöldin 17. júní voru haldin með hefðbundnu sniði. Farið var á bílum að Friðsæld og gengið meðfram fjallsrótunum að Bergárdal. Grillað var í Mánagarði og farið í leiki. Veðrið var með hinu þokkalegasta móti og voru hátíðarhöldin vel sótt.

Verslunarmannahelgina var haldið 22. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn þar sem margar hendur lögðust á plóg til að keppnin og hátíðarhöldin heppnuðust sem best. Tóku að vanda sjálfbóaliðar þátt fyrir hönd Mána og þökkum við þeim fyrir framlag þeirra.

Fyrsta desember var jólatréð sett upp og var fenginn fótur frá Kiwanismönnum sem auðveldaði uppsetningu trésins.

Þrettándagleðinni var flýtt til 5. janúar vegna veðurspár og var að venju við norðurenda flugbrautarinnar. Björgunarfélag Hornafjarðar sá um flugeldasýningu og var gestum boðið uppá heitt kakó og kleinur meðan birgðir entust. Hafði skapast spjall á undan hátíðarhöldunum að söknuður væri af harmonikkuleik sem áður hafði verið sem og fá heimsókn frá álfakóngi og -drottningu. Elín Birna Olsen Vigfúsdóttir og Hafdís Hauksdóttir tóku saman höndum og fengu til liðs við sig einstaklinga til að bæta úr skák þessum málum og þótti þetta skemmtileg viðbót við hátíðarhöldin.

Einar Björn Halldórsson, formaður UMF. Mána

Starfsskýrsla UMFÖ

25. janúar var Þorablót Leik-og grunnskólans í Hofgarði. UMFÖ styrkti þetta verkefni skólans til þess að halda miðaverðinu niðri, því Þorablótið er fyrir alla aldurshópa og markmiðið er að fá breiðan hóp íbúa í Örafum til að snæða Þorramat með skólahópnum og taka þátt í söng og leikjum.

14. mars kl. 20 Aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði. Þar voru venjuleg aðalfundarstörf. Farið var yfir ósk Evu Bjarnadóttur um samstarfsverkefni sem ætlar að sameinar íþróttir og listir undir viðburðinum Skeiðarárhlaup. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að ungmennafélagið héldi áfram að styðja við verkefni sem unnin eru af ýmsum aðilum hér í Örafum, sem eru í anda félagsins.

9. maí sáu Svanhvít Helga Jóhannsdóttir og Íris Ragnarsdóttir Pedersen um spilakvöld í Hofgarði. Lögð var sérstök áhersla á fjölmenningu og að bjóða nýja spilara velkomna. Það er ekki nauðsynlegt að kunna tungumálið til að geta spilað á spil. Boðið var upp á veitingar og í hléinu léku þeir Bjartur Týr Ólafsson, Daniel Saulite og Haraldur Þorvaldsson á gítara og stýrðu söng á íslensku og ensku. Dagskráin lukkaðist afar vel, félagsvist var spiluð á 6 borðum og góð þátttaka í söng og samræðum.

17. júní Þjóðhátíðardagskrá í Svínafelli hófst með gönguferð og síðan tók við dagskrá með leikjum. Að lokum var grillað fyrir gesti. Þetta var ljómandi skemmtilegur dagur og þátttakan góð í viðburðinum.

14. júlí Skeiðarárhlaup. Eva Bjarnadóttir var með víðavangshlaup og listviðburði í tilefni af 45 ára vígsluafmæli Skeiðarárbrúar. UMFÖ styrkti verkefnið bæði fjárhagslega og með vinnuframlagi. Þetta var virkilega vel heppnað, góð þátttaka bæði í hlaupinu og listviðburðunum. Gestir voru mjög ánægðir með daginn og margir töluðu um að skrá sig aftur í hlaupið að ári.

2.-3. ágúst Unglingalandsmót haldið á Höfn. Á svona fjölmennum viðburðum þurfa margir að hjálpast að til að hægt sé að láta hlutina ganga upp. Fulltrúi UMFÖ vann í tvo daga við landsmótið og það var gaman að taka þátt í þessu vel heppnaða verkefni.

26. nóv Fyrsta kvöldið af sex þar sem boðið var upp á þjálfun í íslensku fyrir útlendinga. Við erum svo heppin að hafa fengið marga nýja íbúa inn í samfélagið okkar. Sumir þeirra eru með annað móðurmál en íslensku og af því tilefni ákvað Sigrún formaður UMFÖ að bjóða upp á þjálfun í framburði á íslensku: þegar búið er að greina hljóðin í orðunum og æfa sig á að segja þau verður eftirleikurinn auðveldari við að hlusta og læra ný orð. Á lokakvöldinu var boðið upp á heimabakaðar veitingar og mikil ánægja var með verkefnið.

18. des UMFÖ tók þátt í samstarfsverkefni með Björgunarsveitinni Kára og Klifurfélagi Öræfa. Kynningarkvöld var í Káraskjóli þar sem fólk gafst kostur á að skoða nýjan bíl björgunarsveitarinnar og aðra fararskjóta. Einnig sýndu klifurfélagar nýja klifurvegginn og þá möguleika sem hann býður uppá. Boðið var upp á veitingar og þetta var hin ágætasta samverustund, þarna mættu nokkrir tugir til að njóta.

28. desember Jólaskemmtun í Hofgarði. Þar var gengið í kringum jólatré og sungin jólalög. Birta Erludóttir og Helena María Jóhannssen léku jólasveinana sem tóku þátt í söng og dansi, komu með glaðning til barnanna og svöruðu alls kyns spurningum sem krakkarnir höfðu fram að færa. Eins og allar góðar skemmtanir þá byggist jólaskemmtunin fyrst og fremst á því að mæta og njóta samverunnar, þetta var mjög ánægjuleg kvöldstund.

F.h. stjórnar UMFÖ, Sigrún Sigurgeirsdóttir.

Skýrsla stjórnar Skotfélags Hornafjarðar

Í lok ársins 2018 öðlaðist nýtt deiliskipulag sem nær yfir lóð Skotfélags Hornafjarðar gildi en í skipulaginu er settur rammi utan um starfssemi félagsins. Á vormánuðum 2019 hófst uppbygging skv. skilmálum skipulags en til að byrja með var lögð áhersla á að tryggja öryggi á svæðinu. Það var gert með því að gera manir utan um ríffilbraut ásamt því að gera svæðið dýrhelt. Hönnun nýs ríffilhúss fór fram á árinu og stefnt er á að sækja um byggingarleyfi nú á vormánuðum.

Keppt var í ríffilskotfimi með 22LR rífflum á Unglingalandsmóti á Höfn síðastliðið sumar. Alls voru 5 skráðir en bronsið fór um háls heimamanns og er það flott frammistaða. Skotfélag Hornafjarðar átti einn þátttakanda á skeet móti á Akureyri en einnig voru haldin 2 innanhúsmót ásamt því að opnir æfingatímar voru haldnir tvisvar í viku s.l. sumar.

Á árinu 2020 verður lögð áhersla á að koma upp innviðum ásamt byggingum tengdum leirdúfuskotfimi og ríffilskotfimi.

Virðingarfyllst, Ingólfur Guðni Einarsson formaður skotfélags Hornafjarðar.

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar

Starfsemi klúbbsins var öflug árið 2019. Félagar í klúbbum eru 102 og hefur fjölgað um 15 milli ára. Í stjórn eru: Gísli Páll Björnsson, formaður, Halldóra Bergljót Jónsdóttir gjaldkeri, Gestur Halldórsson og Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnendur og Sæmundur Helgason ritari. Ólafía Gísladóttir og Sigurður Ægir Birgisson eru í varastjórn. Endurskoðendur reikninga: Ari Jónsson og Kristín Hermannsdóttir

Rekstur félagsins:

Sigurður Guðni Hallsson sá um hirðingu vallar og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl. Félagsmenn komu víða að viðhaldi, fegrun og framkvæmdum í sjálfböðavinnu og fá þeir þakkir fyrir óeigingjarnt starf. Nýr röffari var keyptur.

Mót á árinu 2019 voru mörg. Kvennamótaröðin hélt áfram annað starfsárið og tókst vel, þar var ánægjulegt að sjá marga nýja iðkendum í hópi kvenna. Mót ársins voru eftirfarandi: Snærisleikur Góu, Kvennamótaröð þar sem fjögur mót voru leikin á Silfurnesvelli en lokamótið á Neskaupstað að þessu sinni. Nettómótaröðin samanstóð af 10 mótum. Önnur mót voru Olís-texas, Minningarmót Gunnars Hersis Benediktssonar, Húsasmiðjumótið, Opna Skinney-Þinganes mótið, Landsbankamótið, Jöklamótið, Meistaramót GHH og Kjötsúpumót.

Ekki má gleyma því að GHH sá um glæsileg golfmót um verslunarmannahelgi þegar Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Höfn. Þá var líka haldið Opna verslunarmannahelgarmót að því tilefni. Svo hélt UMF Sindri opið golfmót í lok sumars. Af framtöldu má sjá að af nægu var að taka í mótshaldi hjá klúbbum og verður svo vonandi um ókomin ár. Mótastjórn fær þakkir fyrir góð störf á árinu. Fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu félagið um vinninga á mótum eru færðar þakkir.

Arndís Lára Kolbrúnardóttir og Barði Barðason héldu áfram rekstri Kaffi Tee í golfskálanum sumarið 2019 en þau hafa sem kunnugt er, tekið við rekstri skemmtistaðarins Hafsins og munu því ekki halda áfram rekstri í golfskálanum.

Því miður þá var ekki af golfkennslu barna og unglunga síðasta sumar eins og oftast hefur tekist að gera áður. Þó er rétt að minna á að börn og unglingar fá að spila frítt á golfvöllinum, undir leiðsögn golffélaga. Ekki fannst golfkennari til að taka að sér kennslu þrátt fyrir heiðarlega leit stjórnar. Þetta vandamál hefur að mati stjórnar verið leist fyrir árið 2020 og verður spennandi að sjá afrakstur þess sem í vændum er. Golfdagur PGA var haldinn 10. júní þar sem boðið var upp á námskeið fyrir börn og unglunga og var þátttaka ágæt. Kennarar voru Gunnar Geir Gústafsson, Grétar Eiríksson og Þorlákur Halldórsson.

Haustið 2019 byrjaði hópur kvenna og fáeinir karlar að stunda innanhússæfingar í Bárinni. Þessar æfingar hafa verið á sunnudögum kl. 10.15 - 11.45. Þátttaka í þessum æfingum hefur verið mjög góð og vaxandi.

Í október lagði hópur golffélaga í GHH á ráðin með að fara í 8 daga æfingabúðir til Gdansk í Póllandi. Ferðin er fyrirhuguð um miðjan júní 2020.

Stjórnin óskar félögum góðs og gleðilegs golfsumars. Hornafirði, 4. febrúar 2020 Stjórn GHH.

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings

Aðalfundur Hornfirðings, var haldinn 8. nóvember 2018 í Stekkhól. Í stjórn félagsins voru kjörin; Pálmi Guðmundsson formaður, Janine Arens gjaldkeri og Magnús Skúlason meðstjórnandi. Aðrir í stjórn sem áttu eftir eitt ár af kjörtíma sínum voru Gunnar Ásgeirsson ritari og Ómar Ingi Ómarsson meðstjórnandi. Helgi Vigfús Valgeirsson og Inga Stumpf voru kjörin varamenn. Endurskoðendur, Bryndís Hólmarsdóttir og Páll Guðmundsson. Einnig komu fram tilnefningar í nefndir félagsins og formenn þeirra. Mótanefnd, Helgi Vigfús Valgeirsson, Vallar- og girðingarnefnd, Olgeir Ólafsson, Útreiðarnefnd, Örn Þór Þorbjörnsson, Æskulýðsnefnd, Ómar Ingi Ómarsson Reiðveganefnd, Bryndís Hólmarsdóttir, Fjáröflunar- og veitinganefnd, Gunnar Ásgeirsson, Reiðhallar- og hesthússnefnd, Geir Þorsteinsson. Önnur mál sem komu til umræðu á fundinum voru framkvæmdir við félagshesthús og hugmyndir um hvernig hægt væri að leigja stíur til félagsmanna og fjármagna þannig efniskostnað við framkvæmdina og félagar myndu vinna öll verk í sjálfboðavinnu. Kynnt var drög að kostnaðaráætlun og þá voru einnig kynntar hugmyndir um hvernig æskulýðsstarfið gæti farið fram. Að lokum var rætt um undirbúning fyrir Fjórðungsmót á Austurlandi og hugmyndir um að opna mótið fyrir fleirum en áður og höfða þannig til fleiri þátttakenda.

Þann 10. nóvember var haldin uppskeruhátíð Hornfirðings og bænda að Smyrlabjörgum. Framkvæmdir hófust við að innrétta félagshesthúsið við reiðhöllina í byrjun nóvember og síðasta steypan var þann 12. febrúar og síðan var haldið áfram við að innrétta aðstöðuna fram á vor. Nær öll vinnan við framkvæmdirnar var unnin af félögum í Hornfirðingi í sjálfboðavinnu en ýmsir stuðningsaðilar lögðu okkur lið með einum eða öðrum hætti, sem seint verður fullþakkað. Leigutekjur fyrir stíur munu standa undir fjárfestingu á efniskostnaði. Félagshesthúsið var tilbúið til notkunar á FM2019 í júlí.

Í byrjun febrúar byrjaði reiðnámskeið í reiðhöllinni með Rósu Birnu Þorvaldsdóttur, reiðkennara og var haldið þrjár helgar, í febrúar, mars og apríl. Mjög góð þátttaka var á námskeiðinu enda frábær reiðkennari þar á ferð. Mótanefnd stóð fyrir þremur vetrarmótum í reiðhöllinni í febrúar, mars og apríl. Einnig var haldið Ístölt út á Horni þann 10. febrúar við skemmtilegar aðstæður á ís þar sem keppt var í þremur flokkum í tölti og A-flokki. Þá fóru félagar úr Hornfirðingi með hesta sína upp á hérað til að taka þátt í Ístölti á Austurlandi sem haldið var að þessu sinni á félagssvæði Freyfaxa á lðavöllum 16. febrúar. Þann 1. mars var fundur í Stekkhól um málefni hrossaræktarinnar með Dr. Þorvaldi Kristánssyni hjá RML og Sveini Steinarssyni formanni í félagi hrossabænda. Útreiðarnefnd var með páskaútreið um páskana. Firmakeppni var haldin á Sumardaginn fyrsta (25/4) á hestavellinum og eftir mótið var verðlaunaafhending og kaffihlaðborð í Stekkhól. Þann 1. maí var „Opið hús“ í félagshesthúsinu og reiðhöllinni þar sem aðstaðan var kynnt fyrir almenningi og teymt undir börnum, grillaðar pylsur ofl. Í lok maí var haldið reiðnámskeið fyrir börn- og unglunga úti á Horni hjá Ómari Inga og Jasmine. Útreiðarnefnd skipulagði marga útreiðartúra og sjaldan hefur verið jafn mikil og góð þátttaka. Hestaferðin í Flatey var farin dagana 17.-19. maí, þátttakendur voru yfir 20 manns með yfir 60 hesta. Þann 10 júní, annan í hvítasunnu var óvissuferð í Flangey og 11. júní var farið með hesta á hestakerrum út að Horni og tekin reiðartúr um fjörunnar. Áfram voru skipulagðir reiðtúrar dagana 12, 16, 17, 22 og 23. júní. Mikil og góð þátttaka.

Á tímabilinu 2.-10 júní var mikil vinnutörn og framkvæmdir á félagssvæði Hornfirðings vegna undirbúnings fyrir Fjórðungsmóts á Austurlandi. Keppnisvöllurinn og umhverfi hans var tekið í gegn allt slegið, hreinsað og snyrt, skipt um staura, bönd ofl. Margir félagar komu að verki og unnu frábært starf fyrir félagið.

Félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir Fjórðungsmót á Austurlandi var haldið 8.-9. júní

Keppt var í eftirfarandi greinum, pollaflokki og barnaflokki. A- og B-flokkir gæðinga, tölti og unghrossaflokki. Margt góðra hrossa var á mótinu enda var úrtaka fyrir Fjórðungsmót á Austurlandi. Á laugardagskvöldinu var farið í útreiðartúr í Skógey og voru settir hestar undir gæðingadómarana sem voru að dæma á mótinu. Helstu úrslit voru þau að Magni frá Hólum vann B-flokk, knapi Hlynur Guðmundsson, Glæsir frá Lækjarbrekku vann A-flokk, knapi Friðrik Hrafn Reynisson, Friðrik Snær Friðriksson og Dreyri frá Ölversholti voru efstir í barnaflokki, og Hlynur Guðmundsson og Tromma frá Höfn voru efst í tölti T3. Í unghrossaflokki var Fjölur frá Reyðará efstur, knapi Friðrik Hrafn Reynisson og dómarrar völdu Magna frá Hólum gæðing mótsins og Hlyn Guðmundsson knapa mótsins.



Undirbúningsfundur var haldinn 24. júní til að fara yfir undirbúningsvinnu og skipulag fyrir Fjórðungsmót á Austurlandi að Fornustekkingum dagana 11.-14. júlí 2019. Undirbúningur hafði staðið yfir frá síðasta aðalfundi, búið var að funda með aðildarfélögum fyrir austan og bjóða hestamannafélaginu Geysi í Rangárvallarsýslu þátttökurétt á fjórðungsmótinu til styrkja mótið enn frekar. Kynbótahrossum innan hrossaræktarsamtaka á sömu svæðum er boðin þátttaka í kynbótasýningu á mótinu, samtals 45 hross samkvæmt röð stöðulista (4-8 hross í hverjum flokki) Einnig var ákveðið að hafa mótið opið á landsvísi í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum. Þá var tekið upp sú nýbreytni að bjóða upp á opna gæðingakeppni í A- og B-flokkum áhugamanna. Boðið var upp á fjölbreytta skemmtidagskrá; Skógeyjarútreið, grillveislu, kvöldvöku í Stekkhól, ræktunarbússýningar og sveitaball í Mánagarði. Fjórðungsmót hestamanna á Austurlandi var haldið á félagssvæði Hornfirðings dagana 11.-14. júlí 2019. Skráningar í keppni og kynbótasýningar voru umfram væntingar og veðurguðirnir voru okkur frekar hagstæðir. Keppendur voru mjög ánægðir með allar aðstæður, á mótinu eins og keppnisvöllinn, hesthúsin, reiðhöllina ofl. Við hefðum viljað sjá fleiri áhorfendur því hestakosturinn var frábær. Mikil og góð samstaða félagsmanna í Hornfirðingi, góður undirbúningur og aðhaldssemi tryggði jákvæða afkomu af mótinu og góða umsögn gesta.

Að lokum vill formaður, fyrir hönd stjórnar, Hornfirðings, þakka félagsmönnum og styrktaraðilum fyrir fórnfýsi og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

Hornfirði 28. nóvember 2019

Pálmi Guðmundsson formaður

Ársskýrsla Akstursípróttafélags Austur-Skaftafellssýslu hafði ekki borist þegar gengið var frá ársritinu

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.